

Mál nr. 118/2017**M****vátryggingafélagið V v/ ábyrgðartryggingar vinnuveitanda (A).****Ágreiningur um bótaskyldu er starfsmaður féll ofan af forsteyptri loftaplötu.****Gögn.**

Málskot, móttækið 3.4.2017, ásamt fylgigögnum og síðari athugasemdum.
Bréf V, dags. 7.4.2017, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Síðdegis 28. janúar 2016 vann M, flokksstjóri, ásamt öðrum starfsmönnum A við að koma forsteyptum loftaplötum fyrir í nýbyggingu er hann féll af plötunni um 2,65 m niður á gólf næstu hæðar fyrir neðan og slasaðist. Samkvæmt því sem fram kom í lögregluskýrslu var búið að koma einni loftaplötu fyrir og hafi M ásamt einum vinnufélaga sínum farið upp á loftaplötuna til að stilla hana af í sæti sínu. M hafi svo ætlað niður á stiga á eftir vinnufélaga sínum, en er hann tyllti fæti sínum á burðarbita undir loftaplötunni féll hann niður á gólf fyrir neðan. Eftir M er haft í lögregluskýrslunni að burðarbitinn undir loftaplötunni hafi ekki verið settur rétt undir því hann hafi ekki náð nógu langt inn undir loftaplötuna og því hafi ekki verið nægur þrýstingur til að halda burðarbitanum. Eftir vinnufélaga M er haft í lögregluskýrslunni að ísing hafi verið á burðarbitanum.

Í umsögn Vinnueftirlitsins um slysið segir í niðurstöðukafla um rannsókn þess á slysinu að orsök slyssins megi rekja til þess að M hafi stigið út fyrir loftaplötuna á hálan burðarbitann, runnið til og fallið niður á gólf. Einnig hafi enginn fallvarnarbúnaður verið notaður við verkið. Þá hafi meðvirkandi þáttur í slysinu verið að ekki hafi legið fyrir skriflegt áhættumat né áætlun um fornvarnir er varða umrædda vinnu.

Hefur M krafist bóta vegna líkamstjóns síns úr ábyrgðartryggingu A hjá V. V hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

M var á leið ofan af loftaplötunni niður stiga þegar hann féll niður og slasaðist. Við þessar aðstæður verður ekki séð að fallvarnir gætu hafa komið að haldi er hann féll, enda engin rökstuðningur í umsögn Vinnueftirlitsins hvað þennan þátt varðar. Þegar litið er til menntunar M og stöðu hans hjá A sem flokksstjóra verður ekki talið að slysið verði rakið til þess skriflegt áhættumat hafi skort. Samkvæmt þessu og gögnum málsins að öðru leyti verður að telja ósannað að slysið verði rakið til atvika sem A ber skaðabótaábyrgð á. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 23. maí 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.